

AUGLÝSING

um breytingu á mörkum Biskupstungnahrepps og Hrunamannahrepps í Árnessýslu.

Með vísan til 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 staðfestir félagsmálaráðuneytið hér með samkomulag dags. 30. apríl 1987 milli hreppsnefndar Biskupstungnahrepps og hreppsnefndar Hrunamannahrepps sem hljóðar svo:

“Jörðin Auðsholt 5 með landamerkjum samkvæmt landamerkjaskrá frá 27. ágúst 1977 skal framvegis tilheyra Hrunamannahreppi og skulu hin nýju hreppamörk milli Biskupstungnahrepps og Hrunamannahrepps í Árnessýslu vera Hvítá og Laxá.,

Félagsmálaráðuneytið, 3. júní 1987.

Alexander Stefánsson.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um umferð í Vatnsleysustrandarhreppi.

Að fengnum tillögum sveitarstjórnar Vatnsleysustrandarhrepps og samkvæmt 61. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Vatnsleysustrandarhreppi: Gamli þjóðvegurinn (Keflavíkurvegurinn) nýtur aðalbrautarréttar gagnvart öllum götum sem að honum liggja milli Hafnargötu og Brekkugötu/Leirdals að báðum götum meðtöldum.

Aðalbrautarréttur þessi er samkvæmt 2. mgr. sbr. 4. mgr. 49. gr. umferðarlaga (biðskylda). Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Gullbringusýslu, 4. júní 1987.

Simon Ólason,

e.u.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu, fyrir árið 1986.

Sjóður í ársbyrjun:

Landsbanki nr. 268551	kr. 1.724
Vextir	kr. 467
	<hr/>
	kr. 2.191
	<hr/>

Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1987.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.